

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorp-hirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorp-gjald) í Dalabyggð.

2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

		<i>Sorphirðu- gjald</i>	<i>Sorpeyðingar- gjald</i>	<i>Samtals</i>
a) Íbúðir í þéttbýli	kr.	23.330	11.660	34.990
b) Aukasorpilát í þéttbýli	kr.	11.619	5.807	17.426
c) Íbúðir í dreifbýli og frístundahús	kr.	12.053	6.024	18.077

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

<i>Flokkur</i>		<i>kr./kg m.vsk.</i>
Pressanlegur úrgangur		17,83
Ópressanlegur úrgangur		26,76
Málað timbur eða plasthúðað		26,76
Óflokkaðir málmar		4,48
Blandaður pappír		19,65
Dagblöð og tímarit		19,65
Plastumbúðir, harðplast		17,83
Fatnaður		17,83
	<i>m³</i>	<i>kr. m.vsk.</i>
Móttökugjald fyrir einstaka farma	0,25	938
	0,5	1.876
	0,75	2.814
	1	3.751

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m³ í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun sorps á söfnunarstöðinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 15. desember 2015 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1287/2014.

Búðardal, 17. desember 2015.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.